



Stjórnarfundur FKA #10 - fundargerð

Starfsár 2022 – 2023

Staður: Borgartún 35 og Teams

Dagsetning: 09.03.2023

Tími: 12:00 – 13.30

Mættar: Dóra Eyland (DE), Guðrún Gunnarsdóttir (GG), Íris Ósk Ólafsdóttir (ÍÓÓ), Katrín Kristjana Hjartardóttir (KKH), Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP), Sigrún Jenný Barðadóttir (SJB) og Unnur Elva Arnardóttir (UEA) ásamt framkvæmdastjóra félagsins Andreu Róbertsdóttir (AR).

Dagskrá fundarins var eins og merktir liðir bera með sér.

12.00 – 12.10	1	Opnunarhringur – hvernig hefur þú það? Almennt gott hljóð í konum sem hafa haft nóg að gera að undanfögnu, bæði í einkalífi, starfi og FKA.
12.10 – 12.25	2	Skýrsla framkvæmdastjóra – (AR) Markaðsmál - Starfið gengur vel og er stjórn afar þakklát framkvæmdastjóra, AR er fréttaveita FKA og heldur afar vel utan um miðlun hjá félaginu. Það fer þó afar mikill tími í að vera fréttaveita og íhugunarvert hvernig léttu má á þeim lið hjá framkvæmdastjóra - Alþjóðadagur, Sýnileikadagur og aðrir viðburðir komnir í loftið, lifandi tenglar - Fjárhagur: - Fjárhagsstaða er góð og stöðug - 1.339 konur skráðar í félagið, 200 af þeim enn ógreiddar - Alltaf er smá hreyfing á félagatali og viðbúið fyrir komandi stjórnarkjör að svo verði. - Margar konur sem hringja á skrifstofu til að biðja um aðstoð við hin ýmsu verkefni, þarft að minna á að sú aðstoð er mun opnari þeim konum sem standa í skilum og eru þar með virkar í félaginu Viðburðir mars/apríl – fylgjast með dagatali og mæta þegar hægt er Liðnir viðburðir: - Sýnileikadagur FKA – alltaf eftirtektarverð umfjöllunarbylgja sem fylgir í kjölfarið á stórum FKA viðburðum. Dagurinn var afar vel heppnaður, erindi slógu í gegn og félagskonur afar ánægðar. Stjórn færir Sýnileikanefnd kærar þakkar frá félagskonum fyrir einstakan viðburð og frábæra skipulagningu. - Alþjóðadagur kvenna 8. mars var haldinn hátíðlegum með hádegisverðarfundum á Cabin hóteli á vegum Alþjóðanefndar FKA. Vel var mætt og vel af látið. Stjórn þakkar Alþjóðanefnd kærlega fyrir góðan viðburð. Aðrir viðburðir gengu vel og voru vel sóttir: meðal annars fyrirtækjaheimsókn Viðskiptanefndar, fyrirtækjakynning A-FKA, viðburður FKA Suðurlands svo eitthvað sé nefnt - Það er og verður alltaf þörf á að skoða og endurskoða dagskránnu, mögulega er stundum of þétt af viðburðum á dagskrá. Stjórnarkonur gera sitt allra besta til að mæta á viðburði og vera sýnilegar og aðgengilegar hverju sinni. - Fræðslunefnd með hitting í NOVA þann 22/3, AR hvetur til mætingar - Nýsköpunarnefnd og nýsköpunarvika í maí í undirbúningi

		Lítið hefur verið um viðburði á FKA Norðurlandi, en almennt gott af öðrum landsbyggðadeildum Nasdaq OMX Iceland sendir bestu kveðjur og er afar ánægð með fagleg og góð samskipti við FKA. Stjórn þakkar þau hlýju orð og sendir sömu skilaboð til baka. Fundur á dagskrá með Birting vegna nýstofnaðs Öldungaráðs. Kemur í ljós á komandi vikum hvernig ráðið verður kynnt og hvenær.
12.25 – 13:20	3	Verkefni stjórnar a. Nasdaq OMX Iceland/NY – AR/SHP – Bjallan í báðum kauphöllum. FKA er í samstarfi við Nasdaq OMX Iceland og verður stjórn FKA boðið að mæta við opnun Kauphallarinnar 8. Mars á alþjóðadegi kvenna þegar kvenkyns forstjórar á Nasdaq OMX Iceland hringja bjöllum. SHP færir bestu þakki til Magnúsar Harðarsonar fyrir að gera henni það kleyft að vera samdægurs á Nasdaq NY viðstödd opnun markaðar þarlendis og telur það einstakt merki um samstöðu allra hlutaðeigenda. b. Alþjóðasamskipti SHP/SJB 67. fund kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna – SHP fór fyrir hönd FKA. Staða kvenna er bág víða um heim og hefur Covid fært okkur áratugi aftur í tímann hvað kynjajafnrétti varðar. Mikil þörf er hjá konum sem hafa það verst og umtalsvert horft á og leitað til kvenna frá Norðurlöndum um hvernig heppilegast sé að jafna hlutföll eða rétta skökk hlutföll. Umræða um netofbeldi var víða á þinginu og það að tæknin sé ekki endilega að gera konum auðvelt fyrir, konur geta auðveldlega orðið hræddar um það hvernig þær birtast og eiga undir högg að sækja. Nú þegar er fjölþjóðlegt samfélag á Íslandi og nauðsynlegt að iðka jafngildingu þar sem allar hafa rödd, hvernig ætlum við að standa að því. SJB nefnir að skoða það hvernig við getum svo unnið úr fundinum og efni hans í framhaldi. AR nefnir að heppilegt sé að setja inn innslag á lokuðu FB félagskvenna. Umsókn í Norræna Jafnréttissjóðinn SJB búið að skoða umsóknarferli, mikil athygli á „uniqueness“ af hugmyndinni, mikið af alls kyns hröðlum í gangi í samfélaginu í dag, erfitt að sýna fram á hvað fær okkur til að standa út úr. Tillaga um að sækja um í Norræna Jafnréttissjóðinn á hugmynd sem heitir Norrænar konur án landamæra/Nordic Women without borders NWWB. Hugmyndin felst í að norrænar konur muni sameinast um forskotið sem við höfum í kynjajafnrétti og bera sinn boðskap áfram á alþjóðavettvangi. Samþykkt var að sækja um styrk og SJB&SHP munu láta vita af framvindu mála. SHP & SJB létu einnig vita að þær myndu gefa kost á sér til starfa í alþjóðanefnd FKA til að aðstoða við að sinna þeim alþjóðatengslum sem stjórn hefur skapað á þessu starfsári og mun taka sér fyrir hendur á komandi starfsári. Á þennan máta væri Samstarf við Viðskiptaháskólann í Bratislava í Slóvakíu FKA barst beiðni um samstarf við Viðskiptaháskólann í Bratislava. Fundur verður haldinn 14. mars nk til að fá nánari upplýsingar. Raffundur til Kanada lok mars – undirbúningur fyrir 2025

		Í framhaldi af heimsókn sem farin var síðasta sumar til Winnipeg og Gimli þá er ætlunin að hittast á raffundi seinna í mars eða apríl til að byrja að undirbúa heimsókn fyrir 2025. Undirbúningur fyrir stærra og frekara samstarf. GSW í Dubai Bókaðar eru 12 félagskonur sem fara, þar á meðal SHP. Jónína Bjartmarz heldur utan um ferðatilhögun hópsins. c. Jafnvægisvog FKA 2023 – GG/UEA/AR Sjö konur sóttu um stöðu verkefnastýru, ráðningarferli er í vinnslu. AR leggur sig fram við að upplýsa umsækjendur um stöðu mála í ferlinu fyrir hönd FKA. Þörf er á að finna fjármagn í áframhaldandi verkefni, stjórn og framkvæmdarstjóri biðja eftir því að Ásta Dís formaður Jafnvægisvogarráðs gefi frekari fyrirmæli um næstu skref. SHP leggur til að Jafnvægisvogarráð ætti að sinna því að finna fjármagn fyrir verkefnið. Jafnvægisvogin er verðmætt verkefni og SHP bendir á að það ætti mögulega að vera rekið fjárhagslega sjálfstætt og að stærstum hluta fjármagnað af þátttakendum í verkefninu hverju sinni. Það sé komið að því að atvinnulífið fjármagni JV en ekki hið opinbera. d. Innra starf – UEA/SHP/AR Krabbameinsfélagið – leit Krabbameinsfélagið – Styrkleikarnir 29. apríl GG og UEA fóru á fund hjá brjóstaskimunarneymi sem óskar eftir því að FKA leggi sér lið við að hvetja konur til að mæta í skimun, 1 af hverjum 9 greinast og í flestum tilfellum konur sem eru að koma of seint. Rætt var hvort og hvernig FKA gæti vakið athygli á málefnum. SHP lagði fram tillögu um að að stjórnarkonur mæti og smelli af sér mynd saman – „við hér, ert þú búin að mæta?“ og hvetja þannig konur til að fara í skimun. KKH var ekki sammála. GG og UEA hittast og forma eitthvað áfram og kynna fyrir stjórnarkonum á næstu vikum. SHP vakti athygli á að hún væri í undirbúningsnefnd fyrir Styrkleika Krabbameinsfélagsins 29. Apríl á Selfossi og 26. Ágúst á Egilsstöðum og að mögulega væri hægt að vera með samstöðuáttak. e. Aðalfundur – SHP/IOO/AR Rafræn framkvæmd kosninga IOO/SHP/KKH Ársreikningur KKH//UEA/AR Kjörstjórn – sér um framkvæmd kosninga félagsins – IOO/KKH Lögsögukonur – yfirferð á lögum félagsins – SHP/AR Framkvæmd aðalfundar – ársskýrsla, staðsetning ofl SHP/GG/SJ//DE/AR Búið er að bóka Nauthól, 10. Maí. Sonik bókaðir í streymi. Verið að biðja eftir tilboði vegna rafrænna kosninga. Hvetja þarf konur til að bjóða sig fram. Ef einhver atriði tengd aðalfundi eru óljós þá þurfa stjórnarkonur að senda
--	--	---

		fyrirspurnir til kjörstjórnar. Núverandi kosningafyrirkomulag er nýtt, það er því mikilvægt að kynna sér löginn vel og kjörstjórn þarf að ákveða hvaða dagar það verða sem stjórnarkjör fer fram. Umræða v/aðalfundar Ákveðið var að verkaskipta á eftirfarandi máta: ÍÓÓ & KKH eru í kjörstjórn og sjá um allt sem varðar kosningar og kosningafyrirkomulag samkvæmt lögum félagsins. Þær taka að öðru leyti ekki þátt í undirbúningi aðalfundar nema KKH sem gjaldkeri félagsins. SHP & UEA sjá um glærukynningu fundarins. SHP sér um að bóka fundarstjóra og ritara SHP sér um að rita skýrslu stjórnar, UEA les yfir og stjórnarkonur UEA sér um lögsögukonur Aðrar umræður: AR – mars í myndum, sýna konum með myndum og hvatningu til að taka þátt DE – hvetja konur til að stíga fram og bjóða sig fram GG – Fastus leggur til húsnæði og veitingar KKH – hafa hálf tíma fund vikulega fram að viðburði, dreifa álaginu SHP – SHP og UEA sjá um fundinn, allan pappír og það sem viðkemur utanumhaldi fundarins. Okkar ábyrgð og hlutverk okkar að hvetja konur til að stíga fram – finna farveg. Framboðsreglur, hvernig er þeim háttað? AR með einhverja mynd af því hvernig framboð fer fram og hvernig konur eru kynntar. ÍÓÓ – hlynnt því að skipta hlutverkum v/fundarins UEA – tilkynnir framboð sitt til formanns og óskar eftir tímaramma, hvert og hvenær framboð skal berast AR óskar eftir því að gera birtingarplan fyrir kynningar á Auglýsa skal eftir framboðum ekki seinna en 8 vikum fyrir aðalfund skv. núgildandi lögum, 15.mars. Fimm konur eru í kjörstjórn: Arna Björg Rúnarsdóttir Guðný Birna Guðmundsdóttir Guðrú Hulda Ólafsdóttir Íris Ósk Ólafsdóttir - stjórnarkona Katrín Kristjana Hjartardóttir - stjórnarkona
13.20 - 13.30	6	Önnur mál - Forsætisráðuneytið hafði samband við frjáls félagasamtök og falaðist eftir samstöðuvinnu varðandi stöðu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Tvær FKA konur taka þátt í samstöðuvinnunni fyrir hönd félagsins; Eva Magnúsdóttir Podium og Helga Steinþórsdóttir sérfræðingur í GRI sjálfbærni skýrslugerð. AR - Smartland UEA – hugmyndir eru um að hafa fastar kynningar á félagskonum á Smartlandi. Búið er að semja spurningar fyrir áhugasamar félagskonur en það er mikið álag á stjórn um þessar mundir og vangaveltur voru um hvort

		verkefnið væri heppilegra með nýrri stjórn á komandi hausti. - Sahara – óska eftir samtali v/viðurkenningar sem á að veita fyrir besta vinnustað kvenna á Íslandi. Málinu var vísað til komandi stjórnar og nýs starfsárs. - Bravo hafði samband og vildi kanna áhuga með kynningu á verkefnastjórnunarkerfi fyrir stjórn. Málinu var vísað til komandi stjórnar og nýs starfsárs. Fundi slitið 13:30
--	--	--